

Mánudaginn 26. júní 1916.

Nr. 11/1916. Lyder Höydal og Jens L. Ouse
 gegn
 Gunnari Egilson.

D ó m u r:

Mál þetta var í héraði höfðað af stefnda Gunnari Egilson skipamiðlara fyrir aukarétti Vestmannaeyjasýslu gegn félaginu L'azote organique J. P. Brillouin & Co. og var dómur í því kveðinn upp 31. des. 1914. Var dómurinn birtur umboðsmanni félagsins 15. apríl 1915 og fjárnám gert samkvæmt honum í eignum félagsins 18. maí s. á.

En með því áfrýjendur þessa máls, Lyder Höydal kaupmaður í Vestmannaeyjum og Jens L. Ouse kaupmaður í Hafnarfirði telja dóm þennan vera ólöglegan, og að hann sem og fjárnámið sé því til fyrirstöðu að þeir fái fullnægt fjárkröfum, er þeir hafa fengið dóm fyrir á hendur nefndu félagi, hafa þeir skotið fyrnefndum dómi og fjárnámssgerð til yfirdómsins með stefnu dags. 25. febr. þ. á. til þess að fá þessum réttargerðum hrundið eða dæmdar ómerkar gagnvart áfrýjendum.

Með því að áfrýjunarfrestur til yfirdómsins í máli þessu var, eftir því sem þegar er sagt, liðinn þegar áfrýjunarstefnan var gefin út og áfrýjendur hafa ekki lagt fram uppreisnarleyfi, verður ex officio að vísa málinu frá yfirdóminum og dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað eftir kröfu hans, og ákveðst hann 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjendur, Lyder Höydal og Jens L. Ouse greiði stefnda Gunnari Egilson 25 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi áður liðnar séu 8 vikur frá löglegru birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaáðför.

Mánudaginn 3. júlí 1916.

Nr. 17/1916.

Guðmundur Kristjánsson

gegn

G. Gíslason & Hay Ltd.

Dómur:

Mál þetta höfðaði stefndi, firmað G. Gíslason & Hay Ltd., fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda Guðmundi Kristjánssyni skipstjóra til greiðslu á 1319 kr. 27 aur. Lauk máli þessu svo fyrir bæjarþinginu hinn 23. desbr. f. á., að áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda hina umstefndu upphæð 1319 kr. 27 aur. með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1911 til borgunardags og 40 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. marz þ. á. og krafðist þess aðallega, að málinu verði vísað frá undirréttinum, en til vara að verða algerlega sýknaður af kærnum og kröfum stefnda og að hann verði, hvornig sem málið fer, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.